



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

6. nóvember 2012

Niðurstöður vettvangsathugunar á útlánasafni Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi skoðun á útlánasafni Arion banka hf. í samræmi við 8. og 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og XIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Skoðunin beindist að virðismati lána á öðrum ársfjórðungi ársins 2011.

Í maí 2012 sendi Fjármálaeftirlitið Arion banka hf. skýrslu sem markaði lok á þessari umfangsmiklu skoðun á aðferðum bankans við virðismat útlána, gagnasöfnun og skjölun viðeigandi upplýsinga. Úrtakið í könnuninni náði til 43% af fyrirtækjalánum bankans. Meginniðurstaða athugunarinnar var að ekki væru vísbendingar um að bókfært virði útlánasafns bankans væri ofmetið. Fjármálaeftirlitið setti fram ábendingar og gerði athugasemdir við verklag bankans við virðismat, upplýsingamiðlun innan bankans, skjalagerð, gagnaöflun og skráningu upplýsinga.

Innri endurskoðun bankans var falið að gera grein fyrir úrbótum bankans vegna athugasemda og ábendinga Fjármálaeftirlitsins fyrir lok september síðastliðins. Niðurstaða innri endurskoðunar var sú að Arion banki hf. hefði í aðalatriðum brugðist við öllum ábendingum og athugasemdum eftirlitsins. Enn er þó unnið að úrbótum innan bankans. Mun því starfi ljúka á næstu mánuðum.